

Notkunarskilmálar Rafrænnar Neytendastofu

1.gr.

Skilmálar þessir kveða á um notkunarreglur Rafrænnar Neytendastofu (<http://rafraen.neytendastofa.is/>) og efni þess samnings sem notandi annars vegar og Neytendastofa hins vegar gera um aðgang að Rafrænni Neytendastofu.

2.gr.

Allir einstaklingar sem skráðir eru í þjóðskrá Íslands geta verið notendur Rafrænnar Neytendastofu.

3.gr.

Með því að gerast notandi að Rafrænni Neytendastofu staðfestir viðkomandi að þær upplýsingar sem hann skráir inn séu réttar. Hafi Neytendastofa ástæðu til að ætla að upplýsingar séu rangar, ónákvæmar eða á nokkurn hátt ófullnægjandi áskilur Neytendastofa sér rétt til að rjúfa aðgang notanda að Rafrænni Neytendastofu fyrirvaralaust og án tilkynningar.

4.gr.

Notandi fær úthlutað lykilorði og notandanafni til innskráningar í Rafræna Neytendastofu, ásamt hverri þeirri auðkenningu sem öryggiskröfur Neytendastofu kveða á um á hverjum tíma. Neytendastofa áskilur sér rétt til að breyta öryggiskröfum sínum án fyrirvara.

5.gr.

Notandi skal halda öllum upplýsingum er varða auðkenningu hans í Rafrænu Neytendastofu leyndum og ber hann ábyrgð á því að slíkar upplýsingar berist ekki í hendur óviðkomandi eða séu aðgengilegar öðrum.

6.gr.

Notandi ber ábyrgð á öllum aðgerðum í Rafrænni Neytendastofu sem framkvæmdar eru á grundvelli auðkenningar samkvæmt skilmálum þessum. Verði notandi þess áskynja að óviðkomandi aðili hafi fengið vitneskju um auðkenni hans skal notandi tafarlaust tilkynna slíkt til Neytendastofu.

7.gr.

Notandi leggur sjálfur til endabúnað og tengingu við veraldarvefinn og þann hugbúnað sem nauðsynlegur er til tengingar við Rafræna Neytendastofu. Notandi ber sjálfur fulla ábyrgð á þeirri aðferð og þeim búnaði sem hann kys að nota til viðskipta í Rafrænni Neytendastofu. Notanda ber að kynna sér almennar leiðbeiningar og lágmarksviðmið um tölvuöryggi og vírusvarnir á hverjum tíma. Neytendastofa áskilur sér rétt til að loka fyrir aðgang notanda ef hugbúnaður notanda er óviðunandi að mati Neytendastofu.

8.gr.

Neytendastofa áskilur sér rétt til að loka fyrir Rafræna Neytendastofu um stundarsakir án fyrirvara og án tilkynningar ef þörf krefur vegna uppfærslu skráa, breytinga kerfis o.þ.h.

9.gr.

Neytendastofa áskilur sér rétt til þess að ákvarða einhliða þá þjónustu sem veitt er í gegnum Rafræna Neytendastofu á hverjum tíma. Verði skilmálum þessum breytt skal tilkynna notanda um slíkar breytingar með birtingu tilkynningar um breytta skilmála á heimasíðu Neytendastofu eða upphafssíðu Rafrænnar Neytendastofu. Vilji notandi ekki ganga að breyttum skilmálum skal hann tilkynna Neytendastofu það án tafar, annars teljast hinir breyttu skilmálar bindandi.

10.gr.

Neytendastofa ber ekki ábyrgð á því tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í endabúnaði, tengingu við veraldarvefinn, þeim hugbúnaði sem nauðsynlegur er til tengingar við Rafræna Neytendastofu, eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að aðgerðir í Rafrænni Neytendastofu geta ekki farið fram eða verða með öðrum hætti en til var ætlast. Neytendastofa ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða annars aðila með eða án umboðs notanda. Neytendastofa ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til rangra aðgerða notanda eða annars aðila. Neytendastofa ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika t.d.bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.þ.h. Ennfremur ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða vegna atriða sem talin verða falla undir óviðráðanleg tilvik.

11.gr.

Persónuupplýsingar um notanda Rafrænnar Neytendastofu sem Neytendastofu verða aðgengilegar eru bundnar trúnaði sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Vakin er þó athygli á þeim reglum sem gilda um upplýsingaskyldu stjórnvalda skv. stjórnsýslu- og upplýsingalögum.

12.gr.

Verði notandi uppvís að misnotkun, tilraun til misnotkunar á upplýsingum eða tengingum sem Rafræn Neytendastofa býður upp á er Neytendastofu heimilt að rjúfa aðgang notanda fyrirvaralaust og án tilkynningar.

13.gr.

Með því að samþykkja skilmála þessa samþykkir notandi að rétt auðkenning, í samræmi við öryggiskröfur Neytendastofu á hverjum tíma, jafngildi skriflegu samþykki notanda gagnvart Neytendastofu.

14.gr.

Notandi hefur kynnt sér notkunarskilmála Rafrænnar Neytendastofu sem skráðir eru hér að ofan, samþykkir þá að öllu leyti.